

Ed. **853. Frumvarp til laga** [287. mál]

um breytingu á vegalögum nr. 66 14. júlí 1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Aftan við vegalög, nr. 66 14. júlí 1975, komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10.—11. gr. laga þessara skal bráðabirgðavegáætlun samþykkt einungis fyrir árið 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi vegalögum skal vegáætlun gerð til fjögurra ára í senn og kostnaður sundurliðaður eftir framkvæmdum fyrir 3 fyrstu ár áætlunartímabilsins.

Tillaga til þingsályktunar um slíka áætlun er nú til meðferðar á Alþingi, en vegna mikillar óvissu í fjármálum hefur reynt erfiðleikum bundið að fylgja ákvæðum laganna um sundurliðun síðari ár áætlunartímabilsins svo vel fari.

Vegalögin eru nú í heildarendurskoðun í nefnd, með þáttöku fulltrúa úr öllum þingflokkum, og er gert ráð fyrir að nefndin ljúki störfum það snemma að unnt verði að leggja tillögur hennar fyrir reglulegt Alþingi haustið 1976. Myndu þá bæði frumvarp um breytingar á vegalögum og tillaga um nýja vegáætlun verða til meðferðar Alþingis um sama leyti og þannig fást betri yfirsýn yfir málið í heild.

Því er hér lagt til, að hið almenna áætlunartímabil verði stýtt í þetta skipti og fyrir árið 1976 samþykkt bráðabirgðaáætlun til eins árs, en að öðru leyti sundurliðuð samkvæmt ákvæðum vegalaga.